

Neðangreint bréf, dags 1. júní 2012 var sent Eyþóri Arnalds, Selfossi, eins af forystumönnum í áformum um virkjun Hagavatns. Afrit af bréfinu var sent sveitarstjórnarmönnum í Bláskógabyggð og alþingismönnum.

Kveðja

Ólafur Örn

2012/1/6 Ólafur Örn Haraldsson <olafurhar@thingvellir.is>

Eyþór Arnalds

Sæll vertu

Í framhaldi af frétt í Morgunblaðiðnu um virkjun við Hagavatn vil ég nefna nokkur atriði en þín var þar getið sem forystumanns.

Mér þætti vænt um að fræðast af þér um hugmyndir og útfærslu á Hagavatnsvirkjun.

Nokkrar spurningar

Ég hrökk við að sjá að enn er verið að ráðgera virkjun á þessum stað. Nú er rætt um rennslisvirkjun og væri gott að fá að vita hvernig hún ætti að vera gerð. Meðal spurninga er hvort enn sé ráðgert að eyðileggja mikilúðlega fossinn, Nýjafoss, og einstakt útfallið í Farinu og reisa einnig háan stífluvegg ofan Leynifossgljúfurs og hvort enn sé gert ráð fyrir að ræna Jarlhettukvíslinni úr farvegi sínum í Jarlhettudal og við skálann og veita kvíslinni í Hagavatn og fella Farið í stökk neðan Brekknafjalla. Enn fremur væri fróðlegt að vita hvort leggja eigi loftlínur og tengivirki við Mosaskarð eða í nágrenni Brekknafjalla eða hvort leggja eigi línur í jörð. Þá væri gott að vita allt um áhrif á stærð og vatnsborð vatnsins við Læmið og nágrenni, enn fremur vegagerð, vinnuþlön o.fl. sem fylgir virkjunarframkvæmdum. Þá er einnig nauðsynlegt að vita hversu mikið af sandfokssvæði umhverfis Hagavatn verður hægt að hefta með hækkun (stöðugu eða sveiflukendu) vatnsborðsins vitandi það að upptök sandblástursins er af miklu stærra svæði en næst Læminu þar sem vatnið mun ná. Upptakasvæði sandblásturs nær m.a. langt út í Lambahraun þar sem vatnsborðshækkunin mun aldrei ná að hylja sandinn sem þar þyrlast upp. Ef ætlunin er að sveifla vatnsborðinu að einhverju ráði er löngu þekkt hvaða áhrif slíkt hefur á ný upptaka svæði sandfoks. Hafa verið gerðar áreiðanlegar athuganir

á áhrifum nýrrar útfærslu virkjunar þ.e. annarri útfærslu en þeirri sem Orkuveita Reykjavíkur vann að á sínum tíma?

Rammaáætlun og verðmæti náttúru og ferðamannaþjónustu

Eins og þú veist var lögð áhersla á verndun Hagavatns og nágrennis í rammaáætluninni og hugsanleg virkjun þar sett í biðflokk en ekki framkvæmdaflokk. Virkjanhugmyndir núna eru því ekki í takt við þá vönduðu niðurstöðu. Þar liggja að baki rök um einstakt náttúrufar, stórbrotna fegurð og verðmæti svæðins fyrir ferðaþjónsutu nú og ekki síður í lengri framtíð. Nægir að benda á þá sívirku landmótun og umbrotasögu sem jarðfræðisaga svæðisins geymir og liggur sem opin og aðgengileg fræðslubók fyrir almenning. Jökullinn hefur ýmist hopað eða hlaupið fram og frá 1700 hafa orðið ein fimm stórfloð, síðast 1929 og 1939. Allt hefur þetta skilið eftir sig auðlæs ummerki og virkni sem ekki á að grípa inn heldur opna og skýra fyrir nemendum, ferðamönnum og vera enn eitt prýði Bláskógabyggðar. Nálægð þessa magnaða og aðgengilega svæðis er í seilingarfjarlægð frá fjölsóttustu ferðamannaleiðum í byggð og getur útvíkkað þær og tengst auðveldlega þeim ferðamannastraumi. Ferðaþjónusta í Bláskógabyggð mun njóta þessa.

Ferðafélag Íslands við Hagavatn í 70 ár – Hagsmunir félagsins

Ferðafélag Íslands hefur átt skála á svæðinu í 70 ár, smíðað einar fjórar brýr á Farið, FÍ hefur verið með ferðir um svæðið í ferðaáætlun sinni og gefið út árbækur og annað efni um svæðið. M.a. er gengið og gist þarna í fjögurra daga göngu úr Skálpanesi, milli Jarlhettna og jökuls og áfram ofan byggða og loks um Klukkuskarð til Laugardals eða um Brúarárskörð fram í Tungur. Á þessari gönguleið eru einstakar óraskaðar óbyggðir og öræfakýrrð steinsnar ofan ofan byggðar. Hagavatnsvirkjun gerbreytir þessu svæði og spillir rekstraraðstöðu Ferðafélagsins og því framboði sem félagið hefur á svæðinu.

Skálinn og nágrenni hans er mikilvægur hlekkur í keðju skála á óslitinni gönguleið ofan byggða frá Kili, um Hagavatn, Hlöðuvelli, Skjaldbreið og allt til Kaldadalsvegur. Nýlega keypti FÍ hlut Bláskógabyggðar í Hlöðuvallaskálanum, boraði þar eftir vatni og fyrirhugað er að bæta aðstöðu á allri gönguleiðinni fyrir göngufólk, hestamenn og fjallmenn þ.á m. vatnsöflun og vatnssalerni við Hagavatnsskálann, smíði göngubrúar á Jarlhettukvísl o.fl. Félagið smíðaði göngubrú á Farið á móts við Einifell fyrir nokkrum árum og opnaði þar með samfelldu gönguleiðina ofan byggða.

Það gefur auga leið að Ferðafélagið getur ekki annað en varið hagsmuni sína þegar fram koma hugmyndir um að spilla þeim stórlega og ekki er tekið tillit til langrar hefðar í rekstri Fí á svæðinu og framtíðaráforma. Fyrir nokkrum árum, þegar Orkuveita Reykjavíkur hafði uppi virkjanahugmyndir við Hagavatn, samþykkti Ferðafélag Íslands mótmæli gegn virkjuninni og birti í fjölmiðlum enda áskilur félagið sér rétt til slíks þar sem vegið er að beinum hagsmunum

félagsins. Það var fagnaðarefni að Orkuveitan hvarf frá virkjunaráformunum af ýmsum ástæðum sem þér eru áreiðanlega kunnar.

Of lítill ávinningur fyrir of mikil spjöll

Lítt röskuð og samfelld öræfi skammt ofan Bláskógabyggðar með jaðri Langjökuls eru einstök verðmæti í náttúrufari og ferðaþjónsutu landsins, ekki síst fyrir uppsveitir Árnassýslu. Verðmæti slíkra svæða mun vaxa mikið á næstu áratugum. Afrakstur Hagavatnsvirkjunar er of lítill til þess að réttlæta óafturkræf spjöll á þessum verðmætum.

Virkjunin heftir aðeins takmarkaðan hluta sandfoksins

Ég hef kynnt mér rækilega hugsanlegan ávinning virkjunar við heftingu sandfoks og uppblásturs. Það hef ég gert bæði með athugun á rannsóknargögnum, viðtölum við þá sem best þekkja til og ekki síst með fjölmörgum gönguferðum um svæðið. Ég hef sérstaklega kannað uppblásturs- og sandfokssvæðin. Fyrirhugaður ávinningur af vatnsborðshækkun takmarkast við tiltölulega lítið svæði og er fjarri því að hefta nema hluta sandfoks af Hagavatnssvæðinu. Landgræðsluávinningurinn réttlætir því ekki heldur raskið vegna virkjunarinnar. Samkvæmt mínum upplýsingum hvarf Landgræðslan frá sínum miklu áherslum á virkjunina á sínum tíma. Fara þarf aðrar leiðir til að hefta sandfok og uppblástur og er Ferðafélag Íslands tilbúið að vinna að því verkefni með heimamönnum og öðrum.

Mér þætti vænt um að fá tækifæri til að fræðast betur um virkjanaáformin og koma sjónarmiðum mínum og Ferðafélagsins á framfæri.

Kveðja

Ólafur Örn Haraldsson

Forseti Ferðafélags Íslands